

Velferðarvaktin

Vinnuskýrsla hóps um málefni barna

mars 2009

Formaður hóps velferðarvaktarinnar um málefni barna er Páll Ólafsson formaður Félagsráðgjafafélags Íslands, fulltrúi Bandalags háskólamanna. Aðrir í hópnum eru Steinunn Bergmann, félagsráðgjafi á Barnaverndarstofu, Anni Haugen, lektor við félagsráðgjafadeild Háskóla Íslands, Ragnar Þorsteinsson, fræðslustjóri í Reykjavík, Margrét María Sigurðardóttir, umboðsmaður barna, Petrína Ásgeirsdóttir, framkvæmdastjóri Barnaheilla, Sjöfn Þórðardóttir, formaður Heimilis og skóla, Sæmundur Hafsteinsson, félagsmálastjóri í Hafnarfirði, Guðni Olgeirsson og Védís Grönvold, sérfræðingar í menntamálaráðuneyti, og Stefán Ingi Stefánsson, framkvæmdastjóri UNICEF.

Afleiðingar kreppunnar á börnin

Margir fylgjast með áhrifum kreppunnar á börn og barnafjölskyldur. Mikilvægt er að allar tölur séu sannar og ekki fari af stað úlfasögur varðandi ýmsa þætti sem varða börn. Sögur sem fara á kreik geta farið illa í börn og foreldra. Menn eru sammála um að afleiðingar kreppunnar séu hingað til mest huglægar, kvíði, stress og styttri kveikjuþráður. Þetta staðfesta umboðsmaður barna og Heimili og skóli. Staðan í dag hefur verið sett ágætlega fram í skýrslu UNICEF sem velferðarvaktin hefur þegar fengið senda. Samkvæmt skýrslunni hefur komum grunnskólanema til skólahjúkrunarfræðinga fækkað miðað við 2007. Áhrif kreppu hafa ekki enn komið fram í heilbrigðiskerfinu samkvæmt landlæknisembættinu, en þar er fylgst með komum á læknavaktina, á slysa- og bráðamóttöku, á bráðamóttöku barna, innlögnum á geðdeild, notkun á geðlyfjum og með dánartíðni, þ.m.t. tíðni sjálfsvíga.

Umboðsmaður barna hefur fengið ýmis erindi frá börnum sem bera með sér að efnahagsástandið og óróleiki í samfélaginu bitni á líðan þeirra. Einnig megi sjá sömu merki í svörum barna við verkefninu „Hvernig er að vera barn á Íslandi?“ sem umboðsmaður barna fór af stað með í grunnskólum landsins í haust. Telur umboðsmaður að umræðan um líðan barna megi ekki snúa eingöngu að efnahagsástandinu enda sé það fyrst og fremst hvernig ástandið birtist í neikvæðri umræðu og togstreitu í samfélaginu sem hafi neikvæð áhrif á börn.

Um 40% aukning hefur orðið á símtölum í hjálparsíma Rauða krossins en ekki er vitað um hlut barna. Samkvæmt Barnaverndarstofu hefur ekki verið um aukningu á innlögnum á Stuðla, meðferðar- og greiningarvistun fyrir unglunga, og hefur stofan ekki orðið vör við aukningu á tilkynningum til barnaverndarnefnda landsins. Hins vegar hafa komið upp nokkur alvarleg ofbeldismál í grunn- og menntaskólum að undanförunu sem er verið að skoða.

Hópurinn hefur áhyggjur að því af því hvað verður um unglunga sem ekki fá vinnu í komandi sumarfrí en búast má við að sá hópur verði afar fjölmennur. Samkvæmt félagsþjónustum sveitarfélaga komi þyngri mál og erfiðari á borð þeirra og lengri bið sé eftir viðtölum við félagsráðgjafa. Því eru biðlistar farnir að myndast. Einhverjar óstaðfestar fréttir eru um að börnum sé að fækka á leikskólum og frístundaheimilum en það þarf að skoða betur og fá staðfest.

Mikil þekking um áhrif kreppu á börn og barnafjölskyldur er til í skýrslum þeirra sem hafa skoðað kreppur í öðrum löndum eins og til dæmis Finnlandi. Mikilvægt er að safna þessum upplýsingum og greina þær og koma með einfaldar samantektir og ráð byggð á reynslu

annarra þjóða. Áhugavert væri að fá yfirlit yfir ritgerðir og rannsóknir í Háskóla Íslands og öðrum háskólum um áhrif kreppunnar á afmörkuð svið. Einnig þykir hópnum mikilvægt að fá upplýsingar frá ungbarnaeftirliti um breytingar á þörf á stuðningi við börn og fjölskyldur og frá leikskólum um breytingar á líðan, og viðveru og skráningu barna í leikskólana. Upplýsingar frá skólum um það hvort málum fjölgar hjá nemendaverndarráðum eru einnig gagnlegar og mikilvægt er að greina hvers eðlis þau eru, hvort þau varði ákveðna hópa barna frekar en aðra.

Hópurinn leggur til að fylgst verði með hvort nemendum fjölgar í bekkjum og hvaða áhrif það hefur á börn sem þurfa sérstakan stuðning svo og að fylgst sé með skráningu í skólamat og á frístundaheimili. Rétt er einnig að kalla eftir upplýsingum frá:

- Íþróttafélögum og öðrum stöðum hvort breytingar verði í þátttöku barna í fríundastarfi. Frá félagsþjónustum/þjónustumiðstöðvum og barnaverndarnefndum um breytingar á beiðnum og bið eftir viðtölum og eðli mála, fjölda tilkynninga, innihaldi þeirra, hvort tilkynningar varði ákveðna hópa barna o.s.frv.
- Hagstofu Íslands um fjölgun sambúðarslita/hjónabanda og fjölda barna á bak við þessi sambönd.
- Heilbrigðiskerfinu varðandi fjölgun koma/innlagna á geðdeildir og áfengisdeildir og fjölda barna sem það snertir. Fjölgun koma/dvalar í Kvennaathvarfi og fjölda barna sem það snertir.
- Vinnumálastofnun um atvinnuleysi og fjölda barna á bak við þá sem eru atvinnulausir.

Ef reynsla annarra landa sýnir að einelti og vanlíðan aukist meðal nemenda í bágu efnahagsástandi þá þarf að vera á verði gagnvart því og hafa í huga að:

- Sjálfsvígshætta eykst svo og kvíði og þunglyndi.
- Samskiptaerfiðleikar á heimilum aukast, einelti eykst og almennt óöryggi.
- Bil milli nemenda eykst hvað varðar fjárráð þeirra.
- Hætta á vímuefnaneyslu vex.
- Stjúpbörn virðast vera í meiri hættu en önnur börn og börn í jaðarhópum eiga erfiðast því staða þeirra verður enn verri.

Yfirlit yfir það sem þegar hefur verið gert til að koma í veg fyrir alvarlegar/varanlegar afleiðingar efnahagsástandsins

- Mörg sveitarfélög hafa sett á laggirnar vinnuhópa til að fylgjast með stöðu fjölskyldna í sinni lögsögu, svo sem viðbragðs- og samhæfingarteymi Reykjavíkurborgar, *Börnin í borginni*. Fjölmargar stofnanir og samtök fylgjast sömuleiðis náið með þróun mála og hafa sumar þeirra þegar gripið til ráðstafana. Flestar stofnanir, félög og samtök sem hafa með börn að gera hafa sett sig í stellingar og fylgjast með eða gera sitt besta til að fylgjast með þeim og geta á þann hátt stutt við börnin sem á þurfa að halda.
- Stofnað hefur verið til margra verkefna sem annaðhvort beint eða óbeint hafa áhrif á börn og fjölskyldur þeirra, til dæmis Rauðakrosshúsið og Deiglan. Menntamálaráðuneytið hefur sent öllum stofnunum spurningar um viðbrögð við kreppunni og kannað hjá Ríkisútvarpsinu hvernig stofnunin ætli að bregðast við. Einnig er barnahópurinn ánægður með stofnun fjölmiðlahóps velferðarvaktarinnar.
- Segja má að reynt sé að auka meðvitund starfsmanna sem hafa með börn að gera í sveitarfélögum landsins á öllum skólastigum um að skólaumhverfið eigi að vera griðastaður barna án þess að verða einangrað. Barnaverndarstofa fylgist einnig vel með og mun funda með öllum barnaverndarnefndum landsins til að kanna breytingar og álag á barnaverndarnefndir landsins og viðbrögð sveitarfélaga.

- Flest fjölmennustu sveitarfélaganna eru að hefja undirbúning fyrir sumarið og hafa sérstaklega í huga atvinnumál ungs fólks, en það er áhyggjuefni hve stór hluti atvinnulausra er ungt fólk. Að mati margra sveitarfélaganna er nóg af hugmyndum og mikill áhugi á framkvæmdum til að koma í veg fyrir afleiðingar kreppunnar á börn en fjármagn vanti og sé þörf á að ríkið styðji þau fjárhagslega til góðra verka.
- Hópnun þykir vanta að allt þetta góða starf við eftirlit og hin ýmsu úrræði sé samhæft og að meiri samvinna sé í þessum málaflokki. Samstarf er til og reynist vel og eru haldin hin ýmsu málþing um hugsanlegar afleiðingar kreppunnar, til dæmis á vegum hópsins *Náum áttum*. Finnst sumum í hópnun að nú sé nóg talað og nú verði að fara koma verkefnum í framkvæmd, ætti ef til vill að stofna miðlæga stýrihópa, þ.e. fræðihóp, aðgerðahóp og samvinnuhóp.

Tillögur til úrbóta

Tryggja þarf að málefni barna verði í brennidepli á næstu misserum og haldið verði utan um upplýsingar um breyttar aðstæður barna og þeim komið á framfæri við viðeigandi aðila. Í því tilliti er einnig brýnt að koma í veg fyrir útbreiðslu villandi eða rangra upplýsinga.

Mikilvægt er að aðilar sem vinna að málefnum barna, einkum félagsmálum, menntamálum og heilbrigðismálum, vinni nánar saman en áður og leiti nýrra leiða til að nýta krafta sína sem best fyrir börn. Á það sérstaklega við um ráðuneyti og stofnanir á vegum ríkis og sveitarfélaga. Skapa þarf börnum vettvang til að tjá skoðanir sínar á stefnumarkandi málum. Í nýjum æskulýðslögum er mælt til að ungmennaráð verði stofnað til ráðgjafar í hverju sveitarfélagi. Þá er í nýjum lögum um leik-, grunn- og framhaldsskóla gert fyrir aukinni þátttöku nemenda í ákvarðanatöku skólanna.

Ekki er síður mikilvægt að aðilar sem hafa bein samskipti við börn leiti leiða til að tryggja opin skoðanaskipti barna á málefnum líðandi stundar. Hætt er við að börn verði vör við aukna ólgu í samfélaginu án þess að hafa tækifæri til að ræða upplifun sína. Huga þarf því sérstaklega að foreldrafærni eða samskiptafærni eða gæði mannlegra samskipta í umhverfi barna. Á tímum efnahagsþrenginga eru það fyrst og fremst vandamál í umhverfi foreldra sem orsaka vandamál barna. Hugsanlega er þörf á miðstöð til að halda utan um verkefni sem miða að eflingu foreldrahæfni til að nýta það sem til er og samhæfa aðgerðir.

Í nokkrum sveitarfélögum hefur verið boðið upp á fjölsmiðjur og skapandi störf, þ.e. atvinnutengd úrræði fyrir ungt fólk til að virkja krafta þess á uppbyggilegan hátt. Mikilvægt er að efla slíkt starf enn frekar og höfða sérstaklega til unglinga sem tilheyra félagslegum áhættuhópum, svo sem lágtekjufjölskyldum, börn innflytjenda o.s.frv.

Það þarf að hlúa vel að starfsfólki sem vinnur með börnum, til dæmis halda fræðslufundi með kennurum og starfsmönnum skóla um mikilvægi þess að bregðast rétt við og njóta faglegrar handleiðslu. Markviss vinna þarf að hefjast sem beinist að því að draga fram jákvæða þætti í skólastarfinu og draga úr neikvæðum þáttum með opinni umræðu sem stýrt er af fagaðilum og hefur það markmið að sporna við einelti og ofbeldi sem yfirleitt siglir í kjölfar kreppuástands sem þessa innan skólans. Á þetta jafnt við um kennara og nemendur. Skólar ættu að leggja meiri áherslu á sjálfshjálp nemenda, meðal annars með því að auka kennslu í matreiðslu, smíði og handmennt eins og listgreinum en þetta eru þær greinar sem rannsóknir sýna að nemendum líkar langbest við. Slíkir tímar vekja ánægju meðal nemenda og jákvæðni. Nemendur þurfa að hafa greiðan og öruggan aðgang að persónulegri ráðgjöf þegar þeir vilja og þurfa en þó í fullu samhengi við þá kennslu sem fram fer. Skilningur verður að ríkja meðal kennara og skólastjórnenda á því að nemendur sem þurfa skyndilega að fá viðtal við

félagsráðgjafa og eiga ekki að þurfa að gefa skýringar á því eða vera undir eftirliti. Nærþjónusta við nemendur verður að vera tryggð. Enn fremur þarf teymisvinna skóla, heilsugæslu og þjónustumiðstöðva fyrir einstaka nemendur að vera fyrir hendi og vera markviss.

Kennarar, félags- og námsráðgjafar og skólastjórnendur geta orðið undir miklu álagi í vinnu og í sumum tilfellum einnig á heimilum sínum. Þeir eiga rétt á stuðningi og faglegri handleiðslu sem þeir hafa hingað til verið miður duglegir að nýta af ótta við að þá sé litið svo á að þeir ráði ekki við starfið. Handleiðsla á sér langa hefð meðal félagsráðgjafa og er fyrirbyggjandi í eðli sínu auk þess að styrkleikar einstaklinganna eru skertir og þeir eiga auðveldara með að verja sjálfa sig og lenda síður í kulnun í starfi. Regluleg handleiðsla tryggir aukna starfsorku og dregur úr kvíða starfsmanna. Aðeins aðilar með réttindi til að stunda handleiðslu eiga að gera það, aðrir ekki.

Hópurinn leggur eftirfarandi til:

1. Fylgst verði með stöðu barna að 18 ára aldri eins og til dæmis *Nýja barnið á Akureyri*.
 - Unnið í samvinnu við ungbarnaeftirlit, starfsmenn leik-, grunn- og framhaldsskóla, skólafélagsráðgjafa, námsráðgjafa, skólahjúkrunarfræðinga, barnavernd, félagsþjónustur, forvarnafulltrúa og félagsmiðstöðvar í sveitarfélögunum.
 - Sérstaklega þarf að fylgjast með stöðu barna í jaðarhópum, til dæmis börn innflytjenda og barna í stjúpfélöskuldum.
2. Gæðum mannlegra samskipta verði viðhaldi þar sem börn eru.
 - Boðið verði upp á samskiptanámskeið fyrir starfsfólk og fjölkskyldur til að auka meðvitund allra um mikilvægi góðra samskipta og um sameiginleg lífsgildi.
3. Þeir sem vinna með börnum fái stuðning, bæði foreldrar og starfsfólk.
 - Að ekki sé skorið niður eða aukið álag á starfsmenn barnaverndar.
 - Námsráðgjafar og skólafélagsráðgjafar fái sérstakan stuðning.
 - Starfsmenn fái faglega handleiðslu og boðið verði bæði upp á handleiðslu fyrir hópa og einstaklinga.
4. Hlustað verði á börnin og talað verði við börn.
 - Þetta á við um heimilið, vinnustaðinn og fjölmiðla.
 - Mikilvægt er að gefa börnum tíma, fá fram þeirra sjónarmið og hlusta á skoðanir þeirra. Útskýra verður aðstæður á þeirra máli. MSN-ráðgjöf fyrir ungt fólk. Efla þarf og bæta netfræðslu fyrir ungt fólk.
5. Tala verður varlega í nærveru barna.
 - Þessu er ekki síst beint til foreldra, þeirra sem vinna með börnum og til fjölmiðla.
 - Taka verður tillit til barna og þeim send skilaboð um að hinir fullorðnu ætli að vernda börnin án þess að leyna þau einhverju.
6. Samhæfa verður aðgerðir og úrræði í málefnum barna og fara yfir kostnað.
 - Grunnskóli skal vera gjaldfrír, en er hann það? Ekki má auka álogur foreldra.
 - Samræma þarf verðskrár vegna skólamáltíða, fylgjast með þátttöku og kanna möguleika á að hafa þær fríar.
 - Fylgjast verður með tómskundaiðkun barna og koma í veg fyrir að þau hætti vegna fjárhags foreldra. Huga ætti að því að hafa þær ókeypis.
7. Tryggja verður að málefni barna fái fjárhagslegan forgang hjá ríki og sveitarfélögum.
 - Ríki og sveitarfélög setjist niður og sjái til þess að sveitarfélög geti framkvæmt hugmyndir sínar um viðbrögð vegna barna og ungs fólks. Setja mætti á laggirnar viðlagasjóð barna, enda má líkja ástandinu við náttúruhamfarir. Í þessu sambandi má spyrja hverju megi fórna til að vernda börnin, til dæmis einum jarðgöngum?

- Fjárhagslegur grunnur sveitarfélaga og félagasamtaka verði tryggður, ekki einungis grunnþjónusta heldur fleira í tengslum við nám og félagsþjónustu.
8. Tryggja verður hreyfingu barna.
- Þetta verkefni snýr að skólum, íþróttafélögum, foreldrum og fjölmiðlum. Mikilvægt er að nýta skólaumhverfið og allt nærumhverfið betur: Ganga, skoða, heimsækja aðra skóla og stofnanir o.s.frv.
9. Samhæfa þarf fræðslu til foreldra og barna, meðal annars um tölvur, Netið, kynferðismál, vímuefni og samskipti.
- Ríkisstofnanir og félagasamtök ættu að sameinast um þessa fræðslu, skýra hana og einfalda. Sami boðskapur á erindi til allra, alls staðar. Huga þarf að kostnaði hvað þetta varðar.
 - Leggja ber sérstaka áherslu á börn í stjúpfjölskyldum og börn innflytjenda.
10. Tryggja verður aðgang barna og barnafjölskyldna að fagfólki, sérfræðingum og ráðgjöf án biðtíma.
- Ekki má gera upp á milli fagstétta varðandi aðgang, niðurgreiðslur og ráðningar.
 - Það á ekki að vera bið eftir sérfræðingum og það á ekki að kosta mismikið fyrir notendurna eftir því hvaða sérfræðingur er fenginn til starfans, en samhliða verður að tryggja fagleg vinnubrögð. Efla teymi heilsugæslunnar og taka til dæmis Heilsugæsluna í Grafarvogi til fyrirmyndar.
 - Leggja ber áherslu á fjölskylduvinnu í heilsugæslunni.
 - Huga sérstaklega að fjölskyldum innflytjenda og stjúpfjölskyldum.